

Vel heppnað Menntaþing



Menntamálaráðuneytið vill þakka þeim fjölmörgu sem sóttu Menntaþing. Ekki verður þó staðar numið hér, því afrakstur Menntaþings mun nýttast vel við framkvæmd laganna og verður umræðunni haldið áfram á kynningarfundum um nýja menntalöggjöf víðs vegar um landið. Ráðuneytið vill ennfremur minna á vefinn www.nymenntastefna.is þar sem má finna nýja löggjöf, greinargerð með frumvörpum, svör við ýmsum fyrirspurnum um framkvæmd nýrra laga, glærur, gögn og myndir frá Menntaþingi sem og dagskrá kynningarfundna haustsins.

Svipmynd af menntun

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hefur birt árlega skýrslu sína um menntamál, Education at a Glance fyrir árið 2008. Í skýrslunni er að finna tölfraðilegar upplýsingar og greiningar um skólamála allra OECD landanna, þeirra á meðal á Íslandi.

Meðal þess sem er að finna í skýrslunni er:

- Á Íslandi var stærri hluti þjóðarinnar innritaður í formlegt nám en í nokkru öðru landi OECD, eða 30,3% árið 2006, sem þýðir að yfir 100 þúsund manns voru skráðir í skóla samanlagt á öllum skólastigum það ár.
- Brautskráningarhlutfall úr framhaldsskóla, þ.e.a.s. fjöldi útskrifaðra sem hlutfall af mannfjölda við 20 ára aldur, var 90% árið 2006, og er Ísland í 8. sæti af 28 þjóðum, með svipað hlutfall og Noregur, en betra hlutfall en Danmörk og Svíþjóð
- Innritunarhlutfall í fræðilegt háskólanám var það næsthæsta innan OECD, og voru konur 60% nýnema, sem er hæsta hlutfall OECD landa.
- Hærra hlutfall kvenna innritaði sig í vísindagreinir við háskóla en annars staðar, og af þeim sem útskrifuðust með æðri háskólagráðu var meira en helmingur konur.
- Í grunnskóla voru að meðaltali 18 nemendur í hverjum bekk og rúmlega tíu nemendur á hvern kennara, en innan OECD er meðaltalið 13,5. nemar á kennara.
- Ísland varði stærri hluta af sinni landsframleiðslu til menntamála en nokkuð annað land OECD, eða 8%, sem er 18% af heildarútgjöldum hins opinbera.

Fréttatilkynningu Hagstofu Íslands með stuttri samantekt úr skýrslunni er að finna á vef hagstofunnar, www.hagstofa.is.

Menntamálaráðuneyti gerir athugasemdir við starfstíma 15 framhaldsskóla

Menntamálaráðuneyti hafa borist upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda kennslu- og prófdaga í framhaldsskólum á skólaárinu 2007-2008, auk upplýsinga um fjölda vinnudaga kennara o.fl. á sama tímabili.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 skal árlegur starfstími nemenda ekki vera skemmri en níu mánuðir. Þar af skulu kennsludagar eigi vera færri en 145. Jafnframt segir 1. gr. reglugerðar nr. 6/2001 um starfstíma framhaldsskóla og leyfisfunda að árlegir kennslu- og prófdagar nemenda skuli eigi vera færri en 175.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar var meðalfjöldi reglulegra kennsludaga í framhaldsskólum 148 á liðnu skólaári sem er aukning um tvo daga frá skólaárinu 2006-2007. Að teknu tilliti til annarra kennsludaga uppfylltu allir framhaldsskólar landsins

kröfur um fjölda kennsludaga.

Menntamálaráðuneytið gerði aftur á móti athugasemd við að 15 framhaldsskólar uppfylltu ekki ákvæði reglugerðar um að samanlagðir árlegir kennslu- og prófadagar nemenda skulu vera 175 eða fleiri. Að meðaltali var einungis 25 dögum varið til prófa og námsmats, sem er fækkun um tvo daga frá fyrra námsári. Hefur þeim skólum sem ekki uppfylltu ákvæði um árlegan starfstíma nemenda verið bent á að menntamálaráðuneytið leggi áherslu á að skólameistari og skólamefnd sjái til þess að nemendur fái þann heildarfjölda kennslu- og prófdaga á árlegum starfstíma skóla sem lög og reglugerð kveða á um.



Mjög vel tókst til við framkvæmd Menntaþings sem haldið var í Háskólabíói þann 12. september síðastiðinn. Yfir 800 manns sóttu þingið, hlýddu á kynningar um ný menntalög og tóku þátt í líflegum umræðum sem sköpuðust í málstofum.

Á þinginu kynnti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, þá nýju menntastefnu sem birtist í nýrri menntalöggjöf. Innlendir og erlendir sérfræðingar fjölluðu um nýja menntastefnu og í 11 málstofum var fjallað um ný lög og innleiðingu þeirra, menntun kennara, mat og eftirlit með skólastarfi, velferð nemenda, list- og verknám, Ísland í alþjóðlegum samanburði, framhaldsskóla framtíðarinnar, tengsl milli skólastiga og tengsl skóla og samfélags.

Ný menntastefna - kynningarfundir

Keflavík, Fjölbrautarskóli Suðurnesja	23. september
Egilsstaðir	7. október
Höfn	8. október
Selfoss	13. október
Borgarnes	16. október
Blönduós	3. nóvember
Akureyri	4. nóvember
Patreksfjörður	11. nóvember
Vestmannaeyjar	13. nóvember
Ísafjörður	19. nóvember

Einnig mun ráðuneytið kynna nýja menntastefnu á haustþingum Félags grunnskólakennara.